

Mold er verðmæti

Ólafur Arnalds, lektor
Deildarstjóri Umhverfiseildar
Landbúnaðarháskóli Íslands
Keldnaholti
oa@lbhi.is

Mold er brú á milli andrúmslofts, lífríkisins og hins lífvana berggrunns. Orka og efni eru flutt á milli þessara kerfa, fyrst og fremst fyrir tilstuðlan fjölbreyttrar lífstarfsemi. Það er jarðvegurinn sem ljær gróðri þau efni sem nauðsynleg eru fyrir beislun sólarorku með ljóstillifun, en hann heldur einnig hluta orkunnar til haga í formi margvíslegra lífrænna efna. Jarðvegurinn er meginhlekkur í hringrás næringarefna og vatns á yfirborði jarðar en er um leið sía sem tekur við mengunarefnum.

Jarðvegur er afar mismunandi að gerð og eiginleikum. Íslensk mold mótast mikið af móðurefninu gjósku, en á virkum eldfjallasvæðum myndast sérstök jarðvegsgerð: „Andosol“ (*eldfjallajörð – sortujörð*). Íslensk mold er afar mismunandi að gerð með fjölbreytilega eiginleika, allt frá ófrjórri jörð auðnanna (*gjóskujörð – glerjörð*), til lífræns jarðvegs votlendis (*votjörð, svartjörð, mójörð*) og *brúnjarðar* sem er mold þurrlendisins.

Leir og lífræn efni eru oft mikilvægustu hlutar moldar til að tryggja næga miðlun næringarefna og vatns. Þau móta eiginleika á borð við jónrýmd, vatnsrýmd, vatnsleiðni, magn niturs og annarra næringarefna, sem og umsetningu og örverustarfsemi. Verndun og uppbygging á röskuðum svæðum miðar oft að því að stuðla að uppbyggingu lífræns efnis og leirs, eða nýta þessa þætti sem auðlind með endurnýtingu og flutningi á mold sem leggst til við framkvæmdir.